4. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
31. ágúst 2026 kl. 17:00
Reiðhöllin Víðidal

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Félagshesthús

Starfssemi félagshesthússins er hafin og er mjög góð skráning á haustnámskeið Fáka og fjör. Rætt er um fyrirkomulag hesthússins í vetur.

3. Bréf til sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur

HS fór yfir bréf sem hún sendi fyrir hönd Fáks til sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur er varðar meðal annars undirbúning Landsmóts 2030, endurnýjun samnings er varðar rekstur reiðhallarinnar í Víðidal og önnur brýn verkefni er snúa að iðkendum og þjónustu félagsins. Bréfið tók á þáttum í starfi félagsins sem bréf sent fyrir ári síðan vegna forgangsröðunar íþróttamannvirkja tók ekki á og var til að uppfæra menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur og ÍBR um þarfir félagsins um fjármögnun og framkvæmdir.

4. Almannadalur og bréf til borgarráðs

HS fór yfir atvik sumarsins er varðar málefni Almannadals. HS hefur ritað erindi til borgarráðs um þá stöðu sem félagið er í gagnvart málefnum Almannadals, eigendum hesthúsa og byggingarfulltrúa sem á að hafa eftirlit með framkvæmdum á svæðinu.

Stjórn samþykkir bréfið og HS mun í framhaldinu senda það út, bæði með ábyrgðarpósti og í tölvupósti.

5. Yfirþjálfari og æskulýðsnefnd

Umræður um starf yfirþjálfara sem auglýst var á heimasíðu félagsins og samfélagsmiðlum 15. ágúst síðastliðinn og málefni æskulýðsnefndar.

Umræðu verður fram haldið á næsta fundi stjórnar.

6. Uppskeruhátíð Fáks

Ákveðið er að halda uppskeruhátíðir félagsins á eftirfarandi dagsetningum:

- Uppskeruhátíð barna og unglinga 24. september
- Uppskeruhátíð ungmenna og fullorðinna / Verðlaunaafhending kynbótahrossa 1. október.

Auglýst verður á heimasíðu félagsins og samfélagsmiðlum.

7. Landsþing LH

Landsþing LH fer fram helgina 30.-31 október. Gerð eru drög að lista yfir þá fulltrúa sem félagið hefur hug á að senda á þingið.

8. Langavatnsvegur 3

Fyrirhuguð er uppbygging á lóð 3 við Langavatnsveg á Hólmsheiði. Reiðvegur liggur í gegnum lóðina og hefur HS og Dagný í reiðveganefnd verið í sambandi við borgina um færslu á reiðleiðinni. HS, EG, Dagný og Sæmundur hjá reiðveganefnd vestursvæðis fóru og skoðuðu tillögu borgarinnar á staðnum og líst ágætlega á þá lausn. Dagný hefur hins vegar lagt til aðra lausn sem einnig verður rædd við borgina.

9. Korpúlfsstaðir

HS og framkvæmdastjóri GR hittust á Korpúlfsstöðum og fóru yfir reiðvegamál í gegnum svæðið. Úrbóta er enn þörf á nokkrum stöðum og er boltinn hjá GR að fara í framkvæmdir.

10. Önnur mál

a. **Reiðtúr með borgarfulltrúum -** Stefna á 12. júní á næsta ári.
b. **Gróðursetningar á svæðinu.** HS hitti fulltrúa í umhverfisnefnd og ákváðu að bæta inn í trjálínu við Vatnsveituveg en nokkur tré hafa drepist og myndast hafa göt í línuna.
c. **Samstarf við Gló:** HS mun funda með fulltrúum GLÓ styrktarfélags til að ræða um samstarf.
d. **Afreks og hvatningarsjóður:** Auglýst verður eftir umsóknum í afrekssjóðinn.

Fundi var slitið kl. 18:45.